

SAMPYKKT
um breytingu á samþykkt um stjórn Hveragerðisbæjar nr. 693/2013.

1. gr.

4. mgr. 31. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Bæjarráð hefur einnig með höndum jafnréttis-, atvinnu-, ferða-, markaðs- og kynningarmál sveitarfélagsins.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. samþykktarinnar:

a) 1. tölul. C-liðar greinarinnar verður svohljóðandi:

Yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og velferðarþjónustu (NOS, þ.e. nefnd oddvita og sveitarstjóra). Bæjarstjórn kys einn fulltrúa og annan til vara til setu í yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og velferðarþjónustu sjö sveitarfélaga í Árnessýslu (NOS) samkvæmt samningi þar að lútandi.

Fulltrúi Hveragerðisbæjar í yfirstjórn NOS hefur umboð til að taka þátt í skipun í sjö manna sameiginlega skóla- og velferðarnefnd á starfssvæði skóla- og félagsþjónustu sveitarfélaganna í samræmi við ákvæði samstarfssamnings og á grundvelli 7. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, 21. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og 40. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Skóla- og velferðarþjónustusvæðið heitir Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings og nefndin skóla- og velferðarnefnd Árnesþings.

b) 2. tölul. C-liðar greinarinnar verður svohljóðandi:

Skóla- og velferðarnefnd Árnesþings. Fulltrúar í skóla- og velferðarnefnd Árnesþings eru sjö auk jafnmargra varamanna og koma þeir úr Sveitarfélagini Ölfusi, Hveragerðisbæ, Hrunamannahreppi, Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Grímsnes- og Grafningahreppi og Flóahreppi.

Skóla- og velferðarnefnd Árnesþings fer með stjórn sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla og félagsþjónustu sveitarfélagsins skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um grunnskóla nr. 91/2008, félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, málefni aldraðra skv. lögum nr. 125/1999 og málefni fatlaðra skv. lögum nr. 59/1992. Þá skipar nefndin fulltrúa í þjónustuhóp um málefni aldraða skv. 7. gr. laga nr. 125/1999 sem verður fulltrúi allra sveitarfélaganna sem að nefndinni standa. Nefndin fer með mál er snúa að áfengisvörnum skv. lögum nr. 75/1998 og barnaverndarmál skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Nefndin fer með önnur málefni skv. erindisbréfi sem henni er sett.

c) 3. tölul. C-liðar greinarinnar verður svohljóðandi:

Sameiginlegt þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða. Þrettán sveitarfélög á Suðurlandi mynda sameiginlegt þjónustusvæði á Suðurlandi um þjónustu við fatlaða í samræmi við lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, sem starfar skv. sérstöku samkomulagi. Stjórn þjónustusvæðisins er skipuð þremur fulltrúum, þ.e. einum frá hverju félagsþjónustusvæði. Yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og velferðarþjónustu (NOS) skipar einn fulltrúa í stjórn þjónustusvæðisins. Framkvæmd þjónustusamningsins er í höndum þriggja manna þjónusturáðs og skipar NOS einn fulltrúa í þjónusturáðið sem skal vera forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

d) 5. tölul. D-liðar greinarinnar fellur brott og breytist númeraröð töluliða sem á eftir koma í samræmi við það.

Nr. 148

27. janúar 2014

3. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Hveragerðisbærar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 27. janúar 2014.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 11. febrúar 2014